



KEILUSAMBAND ÍSLANDS
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Reykjavík 4. mars 2020

Til: Reykjavíkurborgar, stjórnar ÍTR og annara aðila sem málið varðar
Frá: Keilusambandi Íslands og öllum keilufélögum/deildum í Reykjavík

Ágætu viðtakendur.

Með þessu bréfi vilja allir aðilar sem stunda keilu sem íþrótt á Höfuðborgarsvæðinu þrýsta á Reykjavíkurborg og aðila með aðstöðu íþróttarinnar í borginni. Aðilar hafa komið sér saman um og óska eftir því að leitast verði með öllum ráðum um að koma upp aðstöðu fyrir keiluna í fyrirhugaðri uppbyggingu ÍR svæðis en rætt hefur verið óformlega um aðstöðu í tengibyggingu. Aðalstjórn ÍR er fylgjandi þeim hugmyndum og það ætti að hafa komið fram á fundum aðila. Áður hafa keiludeild ÍR og Keilufélag Reykjavíkur talað fyrir aðstöðu með fjölmögum bréfum til ÍTR og fundum með borgarfulltrúum. Þarfir íþróttarinnar ættu að vera öllum ljósar og þær hafa alls ekkert breyst. Enn kreppir að með fjölda þátttakenda í félögum þar sem afskaplega mikil breyta er komin í þá sem stunda íþróttina vegna aðstöðuleysis. Fólk yfirgefur félögin og á hverju ári er enn erfiðara að fá fólk til að sinna sjálfbóðaliðsstörfum til að reka félögin.

Benda má á að árið 2019 fór ÍTR styrkur upp á 32 milljónir upp í Keiluhöllina Egilshöll. Ætla má að félögin og einstaklingar fari með álíka upphæð í æfingar, aðrar keppnir og veitingar í húsinu svo dæmi séu tekin ár hvert. Gera má ráð fyrir að 2020 sé upphæðin litlu minni. Það ætti að vera ljóst að þessum upphæðum væri miklu betur varið í aðstöðu sem er á forsendum íþróttarinnar, mögulegar tekjur renna til íþróttarinnar en ekki einkaaðila. Í eigin aðstöðu er íþróttinni ekki skaffaður takmarkaður tími í einkahúsi. Í eigin aðstöðu geta félögin sótt á og m.a. náð í iðkendur sem ekki hefur verið hugað að s.s. eldri borgara, skóla, fleiri innan raða Asparinnar svo dæmi séu tekin. Skipulag og framkvæmd væri í höndum íþróttarinnar og innkoma af slíkum verkefnum færí alfarið í aðstöðuna til frekari uppbyggingu.

Það er með öllu ómögulegt fyrir okkur sem íþrótt að búa til afreksfólk í grein okkar í núverandi aðstæðum. Einfaldlega of takmarkaður tími er til æfinga í núverandi aðstöðu á alltof háu einingaverði sem skilar sér ekki til félaganna að neinum hluta. Þetta er m.a. ástæða þess að Arnar Davíð Jónsson flutti af landi brott. Eins og aðilum ætti að vera kunnugt varð Arnar í 5. sæti í kjöri til Íþróttamanns Íslands 2019 og kom til greina sem íþróttakarl Reykjavíkur 2019 eftir að hann sigraði Evrópumótaröð keilunnar 2019, samsvarandi og ef íslenskur golfari sigraði Evrópumótaröð þeirrar íþróttagreinar. Arnar fór út til Svíþjóðar þar sem hann hefur aðstöðu til æfinga daglega en við vitum öll að til að skapa afreksfólk þarf aðstaðan að vera í lagi.

Það er von okkar allra að Reykjavíkurborg leggist á árar með okkur og komi aðstöðumálum þessarar íþróttar í viðunnandi horf. Við óskum þess að Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR fái fullt umboð til að klára málið með okkur án tafar. Nú er lag.

Undir þetta skrifa:

Jóhann Águst Jóhannsson – Formaður Keilusambands Íslands
Björn Kristinsson – Formaður Keiludeildar KR
Guðjón Júlíusson – Formaður Keilufélags Reykjavíkur
Helga Hákonardóttir – Formaður Aspar
Sigríður Klemensdóttir – Formaður Keiludeildar ÍR